

## Úrdráttur úr Minnisblaði um markaðsáhrif flutnings á flugstarfsemi í Hvassahraun.

Minnisblaðið fjallar annars vegar um möguleg áhrif **staðsetningar** flugvallar á markaðsstöðu flugvallarins og hins vegar um áhrif **farmiðaverðs** á eftirspurn eftir þjónustu þeirra fyrirtækja, sem stunda þar rekstur. Það er talið líklegt að farmiðaverð geti breyst, vegna mikilla fjárfestinga, sem fara þarf í ef starfsemi verður flutt. Ekki liggur fyrir hvernig slíkar fjárfestingar verða fjármagnaðar og hvort að þær muni hafa áhrif á rekstrarkostnað fyrirtækja, sem stunda starfsemi á flugvöllum.

Það eru fjögur atriði sem talin eru líklegust til áhrifa, þegar staðsetning ein er skoðuð.

1. Það er talið líklegast að langtímaáhrif á eftirspurn í innanlandsflugi verði ekki mikil ef af flutningi verður. Þetta er fyrst og fremst vegna breytinga á „massamiðju“ höfuðborgarsvæðis og hver „endanlegur“ áfangastaður farþega er.
2. Það er talið líklegast að langtímaáhrif á einka- og kennsluflug verði takmörkuð, að því gefnu að aðstaða fyrir slíkt flug verði viðunandi á nýjum flugvöllum.
3. Rekstraraðilar í útsýnisflugi, bæði með þyrlum og flugvélum eru svartsýnni á markaðsstöðu sína á nýjum flugvöllum.
4. Betri tengingar á milli Keflavíkurflugvallar og Hvassahraunsflugvallar gætu mögulega skapað tækifæri til að fá erlenda ferðamenn til að nýta sér innanlandsflug í auknum mæli. Lítið hlutfall erlendra ferðamanna nýtir innanlandsflug sem ferðamáta.

Eftirspurn er mjög tengd farmiðaverði og það er ljóst, að miklar fjárfestingar geta leitt til hækkunar. Það liggur ekki fyrir hvernig slík fjárfesting verður fjármögnuð og hvort hún mun leiða til hækkunar notendagjalda á flugvöllum.

1. Hversu stóran hluta af fjárfestingakostnaði mun ríkissjóður bera og hve stór hluti mun lenda á fjárfestum/rekstraraðilum á flugvöllum ?
2. Hvernig verður hlutur ríkissjóðs fjármagnaður – mun hann leiða til hækkunar á notendagjöldum á flugvöllum, eða verður hann fjármagnaður með öðrum hætti.
3. Það er rétt að taka fram, að ef að niðurstaðan verður sú að halda áfram flugstarfsemi í Vatnsmýri, þá þarf að fara í verulegar framkvæmdir á Reykjavíkurflugvöllum. Framkvæmdir þar hafa verið takmarkaðar um árábil. Það liggur ekki fyrir hvernig þær framkvæmdir verða fjármagnaðar og hvort að þær muni hafa áhrif á notendagjöld á flugvöllum í framtíðinni.

Verðteigni í flugstarfsemi er mikil og því getur viðbótarkostnaður haft veruleg áhrif á eftirspurn, ef að hann kemur fram í hækkun fargjalda. Ekki er þó gerð tilraun til að reikna beint verðteigni í innanlandsflugi í minnisblaðinu.